

Fundargerð stjórnar Almannaheilla, 13. janúar 2021 kl. 9.00

Jónas Guðmundsson formaður setti fund og stýrði honum, fundurinn var rafrænn.

Mætt: Jónas Guðmundsson, Guðrún Helga Bjarnadóttir, Guðlaug Birna Guðjónsdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Hrannar Björn Arnarsson, Ingibjörg Ásta, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Árni Einarsson, Hrefna Sigurjónsdóttir, Renata Emilsson, og Hildur Helga Gísladóttir sem ritaði fundargerð. Forföll boðuðu Ómar Kristmundsson og Halldór Sævar Guðbergsson.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Skattamál; Frumvarp til laga um skattabreytingar, m.a. almannaheillsamtökum til góða, voru til umræðu í þinginu fyrir jóla og eru líkur á að það frumvarp verði samþykkt. Með því mun skattaumhverfi þriðja geirans breytast svo um munar til hins betra á nýju ári. Munar mest um að hvatar einstaklinga og fyrirtækja til að styrkja almannaheillastarf verða eflidir verulega. Mikilvægt er að kynna þessar breytingar vel þegar frumvarpið hefur verið samþykkt. Formaður kynnti frumvarpið í áramótabréfi sínu til aðildarfélaga Almannaheilla.
3. Húsnæði, afhending starffsemi; Húsnæði Oddfellowa í Urriðaholti hefur verið innréttað og verður afhent Almannaheillum til afnota 18. janúar nk. Húsnefnd, sem skoðaði húsnæðið 11. jan. sl. gerir þarfalýsingu varðandi innanstokksmuni. Markmiðið er að nýta sem mest áður notaðan búnað og leita til fyrirtækja um það sem vantar. Stjórnarmenn sem vita um búnað sem gæti hentað sendi upplýsingar um það á Guðlaugu gjaldkera. Áætlað er að starfsstöð starfsmanns Vaxandi og Almannaheilla flytji að hluta eða öllu leyti í húsnæðið. Þar verður einnig pláss fyrir fleiri starfsstöðvar og mögulega hægt að bjóða aðildarfélögum tímabundin afnot af húsnæðinu. Hugurflug stjórnarmanna varðandi starfssemi í húsnæðinu verður í formi þess að stjórnarmenn senda tillögur sínar á Guðrúnu Helgu varaformann sem vinnur þær áfram fyrir fund um það efni.
4. Verkefni, áherslur fram á sumar; Afla búnaðar og koma fyrir í húsnæðinu í Urriðaholti og hefja starfssemina þar. Kynna nýtt húsnæði og starfssemina fyrir aðildarsamtöum og almenningi, fagna og sýna aðstöðuna þegar losnar um samkomuhöft. Stefnt að fundi eða málþingi með skattasérfræðngi og mögulega ráðherra þegar skattafrumvarpið verður samþykkt. Hvetja aðildarfélögin til að kynna vel þann hluta skattafrumvarpsins sem snýr að almannaheillasamtökum eftir að það verður að lögum. Þegar er hafinn undirbúningur Fundar fólksins sem verður í Norræna húsinu í haust, en Norræna félagið sér um framkvæmdina skv. samningi við Almannaheill.

5. Félagsleg nýsköpun—málþing, vefur; Almannaheill hafa átt fund með forsætisráðherra og sent minnisblað til hennar sem og atvinnu og nýsköpunarráðherra um mikilvægi þess að efla stuðning við samfélagslega nýsköpun til að leggja grunn að nýjum lausnum á samfélagslegum vandamálum og efla íslenskt samfélag. Þeim sjónarmiðum hefur verið vel tekið og vonast Almannaheill til að starfssemi þriðja geirans verði bætt inn í frumvarpið.
Samstarfsaðili Almannaheilla við Háskóla Íslands, Vaxandi, miðstöð um samfélagslega nýsköpun í opnaði í haust nýja og öflugra vefsíðu þar sem margs konar upplýsingum um starfsemi félagasamtaka er að finna, bæði erlendar og innlendar. Nýjar upplýsingar úr starfi félagasamtaka og úr rannsóknum á almannaheillastarfi birtast stöðugt á síðunni. Vaxandi hefur þegar haldið nokkur málþing í gegnum nýja vefinn um málefni félagasamtaka, m.a. um áhrif kórónaveirufaraldursins á starfsemi þeirra, með þátttöku Almannaheilla.
6. Frumvarp um félög til almannaheilla; Frumvarpið sem hefur verið lagt fram áður en ekki náð fram að ganga hefur ekki verið lagt fyrir á yfirstandandi þingi. Hlutar þess hafa þó verið nýttir í annað frumvarp sem hefur verið samþykkt. Vonast Almannaheill til að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi þingi. Jónas formaður, Hrannar B. Arnarsson og Steinunn Hrafnadóttir eiga fund í dag við Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur Iðnaðar og nýsköpunarráðherra um stöðu frumvarpsins.
7. Aðildarumsóknir; Borist hefur ný aðildarumsókn að Almannaheillum, umsóknin er í ferli.
8. Áhrif Covid á félagasamtök; Ljóst er að Covid faraldurinn hefur haft veruleg áhrif á starfssemi félagasamtaka um leið og samfélagslegar áskoranir hafa aukist. Samtökin hafa mörg hver tekið upp og skapað nýngar til að geta sinnt hlutvefum sínum. Á síðunni Vaxandi er að finna upplýsingar og skýrslur um afleiðingar Covid á félagasamtök.
9. Önnur mál; Umræður um kynningu á verkefni félagasamtaka um Erfðagjafir
10. Fundi slitið kl. 10.15